

**Sp. 144. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]**

um ráðstafanir til að koma á 8 stunda vinnudegi verkafólks.

Flm.: Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Hannibal Valdimarsson,  
Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til að rannsaka, á hvern hátt verði með mestum árangri unnið að því að koma á 8 stunda vinnudegi meðal verkafólks. Skal nefndin framkvæma athugun á lengd vinnutíma verkafólks, eins og hann er nú, og á áhrifum hans á heilsufar, vinnuþrek og afköst, svo og hag atvinnurekstrar. Skal nefndin á grundvelli þessara athugana gera tillögur um lögfestingu 8 stunda vinnudags sem hámarksvinnutíma í þeim atvinnugreinum, sem fært þykir, og endurskoða gildandi lagaákvæði um almennan lágmarkshvildartíma verkafólks. Þá skal nefndin einnig gera tillögur um ráðstafanir til breytinga á vinnutilhögun og rekstrarfyrirkomulagi atvinnufyrirtækja, er hvort tveggja gæti stuðlað að styttingu vinnudags verkafólks án skerðingar heildarlauna og aukinni hagkvæmni í atvinnurekstri og æskilegar væru sem samningagrundvöllur milli stéttarféлага verkafólks og samtaka atvinnurekenda.

Nefndin skal kveðja sér til ráðuneytis fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka, eftir því sem þörf er á. Hún skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir, sem nauðsynlegar eru að mati hennar.

**Greinargerð.**

Á síðustu áratugum 19. aldarinnar setti rísandi verkalýðshreyfing iðnaðarlandanna fram kröfu sína um 8 stunda vinnudag og háði harða baráttu henni til framgangs á mörgum næstu áratugum, sem í hönd fóru, og fram undir síðustu ár. Nú er svo komið, að 8 stunda vinnudagur er í öllum menningarlöndum viðurkenndur sem eitt af grundvallaratriðum menningarlífs, og í hinum þróaðri iðnaðarlöndum hafa fyrir löngu verið sett ný takmörk til að keppa að og verkalýðshreyfingin sækir með vaxandi þrótti að enn frekari styttingu vinnudagsins.

Tæknibylting síðustu ára hefur lagt nýjan grundvöll að mati manna á því, hver hæfileg lengd daglegs vinnutíma sé talin. Þannig er 7 stunda vinnudagur nú allviða kominn á og enn styttri við óholl störf, en annars staðar er 40—42 stunda vinnuvika orðin að dagskrár- og baráttumáli vinnandi manna.

8 stunda vinnudagur verkafólks hefur í orði verið viðurkenndur á Íslandi um tveggja áratuga skeið á þann hátt, að kjarasamningar gera ráð fyrir, að fyrir þann vinnustundafjölda séu greidd lágmarkslaun. Hins vegar takmarka þeir ekki nema að litlu leyti yfirvinnu, sem greidd er hærra kaupi, og í sumum starfsgreinum eru vinnutíma engin önnur takmörk sett en lagaákvæði um lágmark hvíldartíma, sem bæði eru algerlega ófullnægjandi og eru auk þess alls ekki virt, þegar atvinnurekendur telja atvinnurekstri sínum þörf á öllu því vinnuafli, sem þeim er unnt að ná í þjónustu sína. Þar kemur og til, að verkalýðsfélögin eru oft hikandi við að beita rétti sínum til að banna næturvinnu, þótt þau hafi samningsbundinn rétt til þess, bæði vegna þarfa framleiðslunnar og vegna nauðsynjar verkafólks á yfirvinnu til þess að bæta upp launakjör, sem ekki svара brýnum tekjuþörfum þess.

Niðurstaðan hefur orðið sú, að þrátt fyrir stórauðna tækni síðustu tvo áratuginna hefur raunverulegur vinnudagur verkafólks síður en svo stytzt. Þvert á móti hefur ásókn atvinnurekenda á annan veginn eftir vinnuafli og hins vegar vaxandi þörf verkafólks, sem nú býr við lægra kaupgjald en fyrir 15 árum, valdið því, að vinnudagur er nú allvíða lengri hérlendis en nokkru sinni áður síðustu áratuginna. Ætla má, að meðaltalsvinnutími verkamanna víða um land sé nú 10—11 stundir, og algengt er í sjávarbyggðum, að mánuðum saman sé vinnutími enn lengri, eða 14—16 stundir langtímum saman og jafnvel enn lengri í miklum aflahrotum sumar sem vetur. Þannig hefur þróunin verið öfug hér á landi við það, sem nú fer fram víðast erlendis. Við höfum fremur verið að fjarlægjast það takmark um mannsæmandi vinnutíma, sem sett var fyrir síðustu aldamót, á sama tíma og aðrar þjóðir hafa, fyrst og fremst fyrir baráttu verkalyðshreyfingarinnar, sífellt verið að stytta vinnudaginn.

Það orkar ekki tvímælis, að hinn langi vinnutími, sem oft og víða viðgengst hér á landi, er þjóðfélagslegt vandamál, sem krefst jöfnum höndum lausnar af hálfu stéttarféлага sem samtaka atvinnurekenda og löggjafarvaldsins. Hér er í senn um að ræða velferðarmál vinnustéttanna, hagsmunum atvinnuveganna og almenn mannréttindi. Óhæfilega langur vinnudagur, þar sem jafnvel er svo langt gengið, að verkafólk vinnur sólarhringum saman án hvíldar, hefur í för með sér smánarlega soun mannlegra verðmæta, brýtur niður vinnubrek og heilsu verkafólks, styttir starfsævi þess og útilokar það frá möguleikum til að njóta eðlilegs heimilislífs, félagslífs og menningarlífs.

Því fer og víðs fjarri, að raunverulegum hagsmunum atvinnuveganna sé þjónað með óhæfilega löngum vinnudegi. Afköstum verkafólks, miðað við vinnutímaeiningar, hrakar, jafnvel niður að lágmarki, starfsgleði hverfur, og stærri hluti vinnunnar verður að gjaldast með herra kaupgjaldi, sem aftur leiðir af sér aukna tregðu atvinnurekenda við að greiða mannsæmandi laun fyrir hóflegan vinnutíma. Með vaxandi tækni og hvers konar aukinni vélanotkun fer einnig vaxandi þörfin fyrir starfsfólk, sem hefur skilyrði til mikillar þjálfunar í störfum, en slíki þjálfun er oftast samfara andleg og líkamleg áreynsla, sem krefst góðrar og fullnægjandi hvíldar og ekki samrýmist löngum vinnutíma, ef mikill starfsárangur á að nást.

Af framangreindum ástæðum verður og meira en vafasamt, að heildarafköst og verðmætasköpun í þjóðfélaginu aukist að nokkru vegna langs vinnudags verkafólks, a. m. k. þegar til lengdar lætur, né að þannig skapist betri grundvöllur fyrir eðlilegri þróun efnalegra lífskjara, heldur er hið gagnstæða líkleggra. Hitt er aftur á móti auðsætt, að atvinnuvegum okkar með sínum miklu árstíðasveiflum í sambandi við aflabrögð sjávarútvegsins og harða veðráttu mikinn hluta árs er þann veg háttað, að meiri þörf er hér á margháttuðum ráðstöfunum varðandi rekstrarfyrirkomulag og hagræðingu í sumum atvinnugreinum en með öðrum þjóðum, til þess að hér verði komið á menningarlegum vinnutíma, án þess að möguleikar til verðmætasköpunar skerðist og lækka þurfi heildarlaun vinnustéttanna af þeim sökum, en það eru að sjálfsögðu grundvallarskilyrði, sem fullnægja verður.

Með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar er að því stefnt, að ríkisvaldið stuðli að því ásamt hagsmunasamtökum verkafólks og atvinnurekenda, að það þjóðfélagslega vandamál, sem hér ræðir um, verði krufið til mergjar betur en áður hefur verið gert og leitað úrræða, eftir því sem undangengin ráðgerð rannsókn gefur tilefni til. Því verður ekki neitað, að samningaleiðin ein fyrir sig við þau skilyrði, sem fyrir hendi hafa verið, hefur ekki megnað að halda þróuninni í þessum efnunum í því horfi, að sambærilegt sé við það, sem hefur gerzt og er að gerast með öðrum þjóðum. Verður ekki betur séð en að við séum að verða einir á háti að þessu leyti meðal þjóða heims með vinnumenningu, sem ekki heyrir til á öld atómorku og mestu tæknibyltinga sögunnar, en er leifar frá löngu úreltum venjum og hugsunarhætti liðinnar aldar. Þessi tillaga er þó engan veginn flutt til þess að útiloka eða skemma fyrir því, að hagsmunasamtökin fái ráðið við þetta mikilvæga viðfangsefni, heldur miklu fremur til þess að skapa þeim skilyrði til þess og létta þeim þá erfiðleika, sem fyrir hendi eru.